

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 310/1990. **Friðrik Garðarsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Hljómbæ hf. og

Bjarna Stefánssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu dæmdir til að greiða hvor um sig 287.456,66 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af 163.333,33 krónum frá 24. maí 1989 til 11. október sama ár, en af 287.456,66 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst þess, að vextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrra sinn 24. maí 1990 og seinna sinn 11. október 1990, og síðan árlega 11. október ár hvert. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var innbyrðis réttarsambandi aðila ekki á þann veg farið, að þeir væru samábyrgðarmenn að skuldabréfi því, sem mál þetta fjallar um. Þótt á sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda reyndi, stofnaðist enginn endurkröfuréttur fyrir hann á hendur stefndu. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 140.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Friðrik Garðarsson, greiði stefndu, Hljómbæ hf. og Bjarna Stefánssyni, samtals 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Friðrik Garðarsson, Áshamri 67, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. janúar 1990, á hendur Hljómbæ hf., Hverfisgötu 103, Reykjavík, og Bjarna Stefánssyni, stjórnarformanni félagsins, til greiðslu að jöfnu á 574.913,66 kr. auk vaxta og málskostnaðar.

Hinn 5. desember 1986 gaf Páll Scheving, Vestmannabraut 57, Vestmannaeyjum, út handhafaskuldabréf, að fjárhæð 327.392 kr. Málsaðilar eru allir sjálfskuldarábyrgðarmenn, og hefur stefnandi orðið að greiða skuldina eftir fjárnám. Hann krefur nú stefndu um greiðslu tveggja þriðju þess, sem hann hefur goldið, höfuðstóls, vaxta og kostnaðar ásamt dráttarvöxtum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. og 5. gr. laga nr. 67/1989, af 326.666,66 kr. frá 24. maí 1989 til 11. október 1989, en af 574.913,66 kr. frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Af hálfu stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi kveðst reka málið samkvæmt 17. kafla einkamálagala, en reisir málsóknina á reglum kröfuréttar um endurkröfurétt. Í þinghaldi 18. apríl sl. kröfðust stefndu þess að fá að koma að öllum vörnum í málinu, en í greinargerð stefndu hafði þess verið óskað, að dómskýrslur yrðu teknar af aðilum og vitnum. Af hálfu stefnanda var kröfu stefndu mótmælt og sérstaklega því, að þeir fengju að leiða vitni. Var þá kveðinn upp svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R:

Stefndu koma að þeirri vörn, að þeir hafi aldrei tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð gagnvart stefnanda. Stefndu heimilast ekki að leiða vitni, sbr. ósk þar um á dskj. 10. Mál þetta er rekið sem almennt einkamál.

Úrskurðurinn er studdur því, að ágreiningur aðila lúti að innbyrðis uppgjöri þeirra sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og grundvallist ekki á skuldabréfinu, sem sé greitt. Sakarefnið sé því ekki þannig vaxið, að mál um það verði rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936, hvorki beinlínis né með lögjöfnun, en að þrátt fyrir það sé ekki þörf á vitnaleiðslum, þar sem enginn

ágreiningur sé um staðreyndir, sem úrslitum geti ráðið. Krafan um heimilaðar varnir þótti of víðtæk, og voru þær því aðeins heimilaðar um þá einu vörn, sem komið hafði fram.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum íslensks réttar um sjálfskuldarábyrgð og telur, að samkvæmt almennri reglu á því sviði beri sjálfskuldarábyrgðarmönnum endanlega að skipta skuldinni milli sín að jöfnu, þegar greiðsla aðalskuldara bregst.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þeir hafi aldrei tekið á sig sjálfskuldarábyrgð gagnvart stefnanda, og því geti hann ekki átt endurkröfurétt á hendur þeim. Hann hafi tekið á sig gagnvart Hljómbæ hf. fulla ábyrgð á allri skuldinni með fullri vitneskju um, að ekki væri öðrum ábyrgðarmönnum til að dreifa. Síðar tilkomin ábyrgð stefndu fái engu um það breytt.

Skuldabréfið var gefið út til tryggingar greiðslu á vörum, sem aðalskuldari keypti í verslun stefnda, Hljómbæ hf., 5. desember 1986, og tók stefnandi á sig ábyrgð á því með áritun á bréfið, að kaupandi greiddi skuldina. Stefndu kveða undirritun sína undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð fyrst hafa komið til 12. desember 1986, þegar framselja skyldi bréfið Verðbréfasjóðnum hf. til að verða við kröfum sjóðsins um fullnægjandi ábyrgð gagnvart sjóðnum og síðari framsalshöfum. Stefnandi mótmælir ekki þeirri staðhæfingu, að sjálfskuldarábyrgð stefndu sé til komin síðar en ábyrgð stefnanda og í tilefni af framsali, en telur það engu skipta um úrslit málsins.

Sjálfskuldarábyrgðarmaður, sem hefur orðið að greiða skuld á grundvelli ábyrgðar sinnar, getur endurkafið aðra sjálfskuldarábyrgðarmenn á grundvelli réttarsambands þess, sem er milli þeirra um það, sem þeim ber að greiða samkvæmt því. Þegar stefnandi tók á sig að greiða samkvæmt skuldabréfinu sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, var það ekki forsenda af hans hendi, að stefndu gerðust ábyrgðarmenn ásamt honum. Þvert á móti lofaði hann að greiða handhafa bréfsins, sem þá var Hljómbær hf., alla skuldina, svo að endurgreiðslukrafa hans á hendur Hljómbæ hf. fær með engu móti samrýmst skyldum hans samkvæmt réttarsambandi þeirra. Framsal kröfunnar gat engu breytt um þetta.

Sjálfskuldarábyrgðarmaður, sem greiðir skuldabréf, öðlast þann rétt á hendur samskuldurum sínum, sem kröfuhafi átti, en sá réttur ræðst þó framvegis af innbyrðis réttarsambandi skuldaranna. Hefði stefndi Bjarni orðið að greiða Verðbréfasjóðnum hf., hefði hann gengið inn í þann rétt á hendur stefnanda, sem Verðbréfasjóðurinn hf. fékk framseldan frá Hljómbæ hf. Bjarni hefði þá getað krafist stefnanda um alla skuldina á þeim grundvelli. Annað réttarsamband er ekki milli stefnanda og Bjarna og því enginn grundvöllur undir kröfu stefnanda á hendur honum. Það

atvik, að Verðbréfasjóðurinn hf. valdi þá leið að ganga að stefnanda fremur en Bjarna, getur engu breytt um endanlegt uppgjör milli sjálfskuldarábyrgðarmannanna.

Samkvæmt þessu þykir bera að hrinda öllum kröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 120.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hljómbær hf. og Bjarni Stefánsson, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Friðriks Garðarssonar. Stefnandi greiði stefndu 120.000 kr. í málskostnað.
